

Ágirnd

Í þætti Viðars Eggertssonar á Rás 1 í dag er fjallað um gerð kvikmyndarinnar Ágirndar frá árinu 1952 og kvikmyndagerðarmennina Óskar Gíslason og Svölu Hannesdóttur. Svala var ung leikkona og handritshöfundur og Óskar var þá einn þekktasti kvikmyndagerðarmaður þjóðarinnar. Þátturinn hverfist um kvikmyndina og þá dramatísku viðburði sem urðu í lífi þessara tveggja listamanna þegar þau unnu að myndinni. Þátturinn hefst klukkan 14:40.



Sendum nýárskort

Borgarskjalasafn Reykjavíkur býður nú öllum að senda vinum og ættingjum nýárskveðjur, sér að kostnaðarlausu. Nýárskortin eru gömul falleg kort úr stóru póstkortasafni Borgarskjalasafns. Kortin er að finna á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is.

menning



Menningarheit

Það er til siðs að strengja heit um áramót, verða betri maður og koma í verk öllum mögulegum og ómögulegum hlutum. Það er ekki úr vegi að gera betur í sínu eigin menningarlífi og vera vakandi fyrir öllum þeim skemmtilegu viðburðum sem á dagskrá eru á næsta ári.

Leikhús
ÓFAGRA VERÖLD eftir Anthony Neilson sem sýnt er í Borgarleikhúsinu var frumsýnt í gær. Verkið er nútímaævintýri um Lísu í Sundralandi og leyfir áhorfandanum að gægjast inn í undraheim geðveikinnar. Lísa fer í ferðalag um Sundraland til að endurheimta horfna klukkustund úr sínu lífi og í ferð sinni kemst hún í kynni við ýmsar undraverðar persónur sem þar búa.

Íslenskt í bíó
Köld slóð er ekta íslensk spennumynd þar sem náttúran og voveiflegir atburðir eru í aðalhlutverki. Alltaf gaman að sjá íslenska mynd í bíó og gaman að loksins er farið að gera íslenskar spennumyndir sem taka sig ekki of hátíðlega.
Senn verður tekin til sýninga myndin Foreldrar eftir Ragnar Bragason. Fyrri myndin Börn er af mörgum talin ein besta mynd ársins 2006 og það er aldrei að vita nema Foreldrar verði sú besta 2007.

Myndlist á nýju ári
Það ættu allir að gera það að nýársheiti sínu á menningarsviðinu að fara á myndlistarsýningar og njóta alls þess sem söfn og gallerí hafa fram að færa. Það eru til að mynda spennandi sýningar fyrirhugaðar á Listasafni Reykjavíkur á nýju ári. Þær nýjungar verða teknar upp á árinu að nú verður ókeypis aðgangur á safnið alla fimmtudaga. Einnig er hægt að slá þrjár flugur (eða söfn) í einu höggi þar sem aðgöngumiðinn gildir nú á öll söfnin þrjú, Hafnarhúsið, Kjarvalsstaði og Ásmundarsafn.

Ljóð fyrir alla
Ljóð eru alls ekki leiðinleg, litlaus og ljót og það er feikinóg framboð af prýðilegum íslenskum ljóðum sem sóma sér vel á hreinum náttborðum á nýju ári. Kristín Eiríksdóttir gaf á síðasta ári út ljóðabókina Húðlit auðnin hjá Nýhil og hefur hún fengið prýðilega dóma gagnrýnenda. Ekki er heldur úr vegi að kynna sér það sem er nýjasta nýtt erlendis. Þá er upplagt að glugga í nýlega bók eftir þann mikla listamann Leonard Cohen, sem ber titilinn The Book of Longing. Þar sannar hann enn og aftur að honum er ýmislegt til lista lagt.







Blaðið/Eyþór

Listasafn Reykjavíkur

Spennandi ár framundan

„Ég er mjög ánægður með árið sem er að líða hér á Listasafni Reykjavíkur. Sérstaklega finnst mér standa upp úr sýningin Pakkhús postulanna sem stóð yfir í Hafnarhúsi í september og október. Það var mikill kraftur í henni og hún lagði línurnar fyrir það sem við ætlum að gera í Hafnarhúsi á næstu misserum. Það var líka mjög gaman að geta kynnt Þórdísi Aðalsteinsdóttur hér á landi en henni hefur gengið mjög vel erlendis, enda er hún frábær listakona," segir Hafþór Yngvarsson, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, þegar hann er beðinn að líta yfir árið 2006.

Listunnendur ættu ekki að verða fyrir vonbrigðum með dagskrá ársins 2007 á Listasafni Reykjavíkur en þar getur að líta margan gullmolann, meðal annars þekkta erlenda listamenn sem sett hafa upp spennandi sýningar í Evrópu síðustu misserin. Það er líka mikið tilhlökkunarefni að Kjarvalsstaðir verða opnaðir á ný 4. febrúar eftir gagngerar endurbætur þar sem meðal annars veggirnir voru klæddir með gifsplötum og kaffistofan gerð upp á skemmtilegan hátt. „Við hlökkum mikið til að svipta hulunni af Kjarvalsstöðum og munum opna með mjög spennandi sýningu sem ber yfirskriftina Foss. Þar er verk eftir Ólaf Elíasson, Rúrí, Heklu Dögg Jónsdóttur og þekktan, bandarískan málara sem heitir Steir. Allt eru þetta listamenn sem nota fossinn sem hugtak í verkum sínum og það er mjög gaman að gera það hér á Íslandi," segir Hafþór.


Ungt fólk í forgrunni
Í Listasafni Reykjavíkur hefur ungum, íslenskum listamönnum verið gert hátt undir höfði að undanförnu og á næsta ári mun engin breyting verða þar á. „Í Hafnarhúsi tökum við upp þráðinn frá Pakkhúsi postulanna með því að taka einn sal sérstaklega undir það að kynna unga, íslenska listamenn sem ekki hafa sýnt í söfnunum áður. Það er ekkert aldurstakmark en hér er um að ræða sterka listamenn sem eru tilbúnir að koma fram með heildstæða sýningu. Þarna er meðal annars um að ræða Birtu Guðjónsdóttur, Geirþrúði Hjörvar og Sigurjón Guðjónsson."

Ein viðamesta sýning Listasafns Reykjavíkur á næsta ári er hönnunarsýningin Kvika sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum um miðjan maí í samstarfi við Hönnunarvettvang, Listahátíð í Reykjavík og fleiri aðila. Sýningarstjóri er hönnuðurinn Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir og leggur hún áherslu á að sýna það fremsta sem er að gerast í íslenskri hönnun í dag auk þess að draga fram í dagsljósið óvænt nýsköpunarverkefni. Hafþór segir það sérstaka ánægju að fá Guðrúnu Lilju til liðs við safnið enda hafi hún sýnt mikla hæfileika á sínu sviði.

Listamenn fúsir að koma til Íslands
Franski listamaðurinn Pierre Huyghe hefur vakið mikla athygli fyrir verk sín og setti hann meðal annars upp stóra sýningu í Tate Modern safninu í Lundúnum fyrir nokkru. Á vetrarhátíð mun hann opna sýningu í Listasafni Reykjavíkur. „Það er mikill fengur að fá Huyghe hingað til lands. Við erum ekki alveg komin með á hreint hvað hann ætlar að gera en við erum mjög spennt. Hann ætlar að hafa samband við mig 8. janúar og kynna betur fyrir okkur sínar hugmyndir," segir Hafþór. Huyghe kallar sýningaröðina sína Celebration Park og þar hefur hann blöndu af eldri verkum og eitthvað spánnýtt sem hann hannar fyrir hverja sýningu. Hafþór segir það furðulega lítið mál að fá svo þekktan listamann hingað til lands. „Við getum vitanlega ekki boðið eins mikla peninga og söfn á borð við Tate Modern en á móti kemur að listamennirnir hafa flestir mikinn áhuga á Íslandi og eru því oft tilbúnir til þess að koma hingað og sýna jafnvel þó svo að hér sé ekki um stórar fjárhæðir að ræða."

Nánari upplýsingar um dagskrá ársins 2007 má finna á www.listasafnreykjavikur.is.

Líf og fjör í Hallgrímskirkju



Um þessar mundir fagnar Listvinafélag Hallgrímskirkju 25. starfsári sínu en það var stofnað haustið 1982 í þeim tilgangi að efla listalíf við kirkjuna. Síðan hefur félagið staðið fyrir ótal glæsilegum viðburðum og engin breyting mun verða þar á því dagskráin fyrir næsta ár er sérlega spennandi. Sem dæmi má nefna að orgelsnillingurinn Oliver Latry, organisti Notre Dame dómkirkjunnar í París, sækir Hallgrímskirkju heim í febrúar og orgelleikarinn Michael Radulescu frá Vínarborg stígur á land í maí. Það er hefð fyrir því að haldnir séu sérstakir áramótatónleikar í kirkjunni við áramót og að þessu sinni mun Kristinn Sigmundsson stíga á stokk með trompettleikurunum Ásgeiri H. Steingrímssyni og Eiríki Erni Pálssyni auk þess sem Hörður Áskelsson leikur á orgel. „Síðan orgelið var vígt höfum við haldið þessum sið að hafa trompett- og orgeltónleika. Það hefur bara einu sinni áður verið söngvari, en Diddú söng fyrir hartnær tíu árum. Þeim Ásgeiri og Eiríki datt í hug að gaman væri að breyta út af vananum og það vildi svo skemmtilega til að Kristinn er staddur hér á landi yfir áramótin og var til í að taka þátt í þessu skemmtilega verkefni," segir Inga Rós Ingólfsdóttir, framkvæmdastjóri Listvinafélagsins, og bætir við að lítil strengjasveit muni einnig koma fram með þeim félögum og því sérlega mikið lagt í tónleikana að þessu sinni. Að sögn Ingu Rósar eru um 400 félagar í Listvinafélaginu og fer þeim sífellt fjölgandi.

„Þetta er yndislegt samfélag, fólk sem trúir á þessa menningarstarfsemi sem okkur finnst að eigi heima í Hallgrímskirkju. Kirkjan hefur ákveðna sérstöðu og er einn fjölsóttasti ferðamannastaður á Íslandi. Það spyrst út hvað er að gerast í kirkjunni og við leggjum mikinn metnað í það að gera dagskrána sem best úr garði hvert ár," segir Inga Rós að lokum. Tónleikar Kristins og Trompeteria hefjast á gamlársdag klukkan 17. Nánari upplýsingar um dagskrá Listvinafélagsins má finna á www.hallgrimskirkja.is.